

Föstudaginn 22. mars 1991.

Nr. 487/1990. **Ákærvaldið**(Bragi Steinarsson vararikissaksóknari)
gegn**Georg Hirti Howser**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. desember 1990 að ósk ákærða, en einnig af ákærvalds hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru, þyngingar refsingar og sviptingar ökuréttinda. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti voru þær kröfur gerðar af hálfu ákærvalds, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur, að því er varðaði ákærun, útgefnar 16. mars 1989 og 11. maí 1990, og að ákærði yrði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Verjandi ákærða krefst þess, að refsing ákærða verði milduð frá því, sem hún var ákveðin í héraðsdómi, og hún jafnframt skilorðsbundin. Þá verði verjanda dæmd málsvarnarlaun.

Skilja verður kröfur ákærvaldsins svo, að af þess hálfu sé unað við niðurstöður hins áfrýjaða dóms varðandi ákæru frá 31. ágúst 1987.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans, þó svo, að vísun til 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á hér ekki við. Ákærði hafði verið sviptur ökuleyfi ævilangt frá 10. apríl 1986. Ber að áretta þá sviptingu.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Georg Hjörtur Howser, sæti varðhaldi í 45 daga.

Ákærði skal vera sviptur ökuréttindum ævilangt.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, dr. jur. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 18. september 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 18. september, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er á skrifstofu dómsins, Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Höllu Bachmann Ólafsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1722/1987: Ákærvaldið gegn Georg Hirti Howser, sem tekið var til dóms 28. ágúst s.á.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 31. ágúst 1987, gegn ákærða, Georg Hirti Howser, „fyrir að aka, miðvikudaginn 5. ágúst 1987, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni G-24515 norður Reykjavíkurveg í Hafnarfirði að húsi nr. 72.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari enn fremur með ákæruskjali, dagsettu 16. mars 1989, gegn ákærða, Georg Hirti Howser, „fyrir að aka, aðfaranótt fimmtudagsins 27. október 1988, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni G-24515 um götur í miðborg Reykjavíkur, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Kalkofnsvegi.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari loks með ákæruskjali, dagsettu 11. maí 1990, gegn ákærða, Georg Hirti Howser, „fyrir að aka, föstudaginn 8. desember 1989, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R-40001 um götur í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Laugavegi við hús númer 72.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Dómari fékk tvær fyrri ákærurnar frá öðrum dómara til meðferðar 17. apríl 1990.

Málavextir.

1) Að morgni 5. ágúst 1987 voru lögreglumenn í Hafnarfirði á eftirlitsferð hér í bænum. Á gatnamótum Reykjavíkurvegjar og Hjallabrautar mættu þeir bifreiðinni G-24515, er bifreiðinni var ekið norður Reykjavíkurveg. Þar sem grunur lék á, að ökumaður bifreiðarinnar væri sviptur ökuréttindum, var bifreiðinni veitt eftirför. Bifreiðinni var ekið inn á bifreiðastæði við hús nr. 72 við Reykjavíkurveg og lagt þar á bak við sendiferðabifreið. Í frumskýrslu kemur fram, að þegar lögreglubifreiðinni hafi verið ekið þar að, hafi meintur ökumaður, ákærði í máli þessu, Georg Hjörtur Howser, verið í farþegasæti, en vinkona hans á gangi frá bifreiðinni farþega megin, en hún sest inn í bifreiðina í sæti ökumanns.

Ákærði var færður yfir í lögreglubifreiðina. Ákærði neitaði að hafa ekið bifreiðinni greint sinn og kvað vinkonu sína hafa ekið henni. Ákærði og vinkona hans, Elín Björg Haraldsdóttir, voru bæði færð á lögreglustöðina til skýrslugjafar.

Ákærði bar í skýrslu hjá lögreglu, að sambýliskona sín hefði ekið bifreiðinni greint sinn og þau verið á leið til Reykjavíkur.

Ákæra var gefin út þann 31. ágúst 1987. Á ákærana er ritað, að hún hafi verið lögð fram 16. mars 1988, en hvergi er að finna í sakadómsbókum embættisins þá fyrirtöku málsins.

Ákærða var birt ákæran í þinghaldi 28. maí sl., en dómari fékk málið afhent frá öðrum dómara 17. apríl sl.

Ákærði kvaðst ekki hafa ekið bifreiðinni G-24515 sviptur ökuréttindum norður Reykjavíkurvegjar í Hafnarfirði 5. ágúst 1987, svo sem hann væri ákærður fyrir. Ákærði bar, að Elín Björg Haraldsdóttir hefði ekið bifreiðinni greint sinn frá Suðurgötu 77, Hafnarfirði, uns lögregla hefði haft afskipti af þeim á Reykjavíkurvegi við Kostakaup.

Vitnið Elín Björg Haraldsdóttir gaf skýrslu fyrir dómi.

Vitnið óskaði ekki eftir að nýta sér rétt sinn samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 74, 1974, en vitnið var sambýliskona ákærða, er lögregla hafði afskipti af þeim.

Vitnið kvaðst hafa ekið bifreiðinni G-24515 frá heimili sínu 5. ágúst 1987 og verið á leið í vinnu. Á Reykjavíkurvegi hefði það stöðvað (sic) á rauðu ljósi og lögreglubifreið verið á ljósunum hinum megin gatnamótanna. Það hefði ekið áfram og ákveðið að koma við í versluninni Skalla við Reykjavíkurveg. Er það hefði verið á leið inn í verslunina, hefði það uppgötvað,

að það hafði gleymt veski í bifreiðinni, og því hlaupið til baka. Lögreglan hefði þá verið við bifreiðina og það og ákærði bæði verið færð á lögreglustöðina til skýrslugjafar.

Vitnið Sævar Örn Guðmundsson lögreglumaður gaf skýrslu fyrir dómi.

Vitnið bar, að það og Ómar Herbertsson lögreglumaður hefðu verið á lögreglubifreið og ekið suður Reykjavíkurveg 5. ágúst 1987, er þeir hefðu mætt bifreið á mótum Reykjavíkurvegar, Hjallabrautar og Hjallahrauns og þekkt ökumann sem ákærða, Hjört Howser. Þeir hefðu vitað, að hann var sviptur ökuréttindum, og því hefði bifreiðinni verið veitt eftirför norður Reykjavíkurveg og inn á bifreiðastæði við verslun, sem þá hefði heitið Kostakaup. Þeir hefðu misst sjónar á bifreiðinni í nokkrar sekúndur, þar sem henni hefði verið ekið á bak við sendiferðabifreið. Er lögreglubifreiðinni hefði verið ekið að bifreiðinni, hefði ákærði verið í sæti farþega, en unnusta hans á gangi fyrir framan bifreiðina og hún sest í sæti ökumanns. Vitnið kvaðst geta fullyrt það, að ákærði hefði ekið bifreiðinni greint sinn.

Vitnið Kristinn Ómar Herbertsson lögreglumaður gaf skýrslu fyrir dómi.

Vitnið bar, að það hefði verið í lögreglubifreið ásamt Sævari 5. ágúst 1987, og er lögreglubifreiðin hefði verið á ljósunum á Reykjavíkurvegi og Hjallabraut, hefðu þeir mætt bifreið ákærða, sem hann hefði ekið. Bifreiðinni hefði verið veitt eftirför norður Reykjavíkurveg, en henni hefði verið ekið inn á bifreiðastæði við söluturninn Skalla. Þegar lögreglubifreiðinni hefði verið ekið þar að, hefði ákærði setið í farþegasæti, en kona hefði verið með honum í bifreiðinni. Ákærði hefði verið færður á lögreglustöðina til skýrslugjafar, þar sem hann hefði þrætt fyrir aksturinn.

Ákærða var kynntur framburður vitna, og kvaðst hann halda fast við framburð sinn og kvað Elínu hafa ekið bifreiðinni.

Niðurstöður.

Ákæra í málinu var gefin út 31. ágúst 1987 varðandi brot það, er ákærði var talinn hafa framið 5. ágúst 1987. Á ákæru er áritað, að hún hafi verið lögð fram 16. mars 1988, en svo sem hér að framan greinir, kemur eigi fram í bókum embættisins, að málið hafi verið þingfest þá. Dómari fékk málið afhent frá öðrum dómara 17. apríl sl., og var ákærða birt ákæran 28. maí s.á. Frá því að ákæra var gefin út 31. ágúst 1987, þar til hún var birt ákærða 28. maí sl., var ekkert gert í málinu. Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga fyrntist sök ákærða, ef sönnuð þætti, 5. ágúst 1989, og er ákærði sýknaður af ákæru, dags. 31. ágúst 1987.

2) Aðfaranótt fimmtudagsins 27. október 1988 voru lögreglumenn í Reykjavík í eftirlitsferð, er þeir veittu bifreiðinni G-24515 athygli, þar sem henni var ekið austur Tryggvagötu og áfram norður Kalkofnsveg, þar sem lögreglan stöðvaði akstur. Í viðræðum við lögreglumenn viðurkenndi öku-

maður bifreiðarinnar, ákærði í máli þessu, Georg Hjörtur Howser, að hafa neytt áfengis fyrir akstur og ekið bifreiðinni sviptur ökuréttindum ævilangt. Í skýrslu hjá varðstjóra, sem tekin var kl. 1.08, kvaðst ákærði hafa verið að koma frá veitingastaðnum Gauki á Stöng og viðurkenndi að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Ákærði var færður til töku blóðsýnis kl. 1.37, og mældist alkóhólmagn í blóði hans 1,07‰.

Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi.

Ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni G-24515 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt aðfaranótt fimmtudagsins 27. október 1988 um götur í miðborginni, uns lögregla stöðvaði frekari akstur á Kalkofnsvegi.

Niðurstöður.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir vera sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem hann er ákærður fyrir. Varða brot hans við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

3) Föstudaginn 8. desember 1989 var akstur ákærða stöðvaður af lög-reglu, þar sem hann ók bifreiðinni R-40001 á móts við Laugaveg 72, Reykjavík. Ákærði kvaðst vera sviptur ökuréttindum. Ákærði var færður til skýrslugjafar, þar sem hann bar, að hann hefði verið að missa af flugi og því ekið bifreiðinni.

Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi.

Ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni R-40001 sviptur ökuréttindum ævilangt föstudaginn 8. desember sl. um götur í Reykjavík, uns lögregla stöðvaði frekari akstur á móts við Laugaveg 72 þar í borg.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir vera sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem hann er ákærður fyrir. Varðar brot hans við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Sakaferill ákærða.

[Ákærði hefur sex sinnum undirgengið sekt fyrir umferðarlagabrot, og 1986 var hann dæmdur í 20.000 kr. sekt fyrir ölvunarakstur og sviptur öku-leyfi ævilangt frá 10. apríl 1986.]

Refsing ákærða.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, og þykir hún hæfilega ákveðin með hliðsjón af

sakaferli hans og 71. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, 45 daga varðhald.

Ákærði var sviptur ökuréttindum ævilangt frá 10. apríl 1986 með dómi sakadóms Hafnarfjarðar frá 27. júní 1986, og er sú svipting áréttuð með vísan til 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Georg Hjörtur Howser, sæti varðhaldi í 45 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.
